

Fræðslu- og forvarnarstefna HFH

Íþróttastarf er uppeldisstarf og það á við um allar íþróttagreinir. Börn og unglingar læra að fylgja reglum innan íþróttarinnar og tileinka sér hollar lífsvenjur. Það er því hlutverk þjálfara og starfsmanna HFH að vera fyrirmyndir barna og unglunga.

Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar hefur mótað sér stefnu í fræðslu- og forvarnarmálum og hefur það að leiðarljósi að starfa samkvæmt stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um forvarnir og fíkniefni.

Stefnuyfirlýsing:

Íþróttir gegna mikilvægu hlutverki í vímuvörnum. Rannsóknir á högum barna- og unglunga hafa sýnt fram á að þau ungmenni sem eru virk í íþróttastarfi reiðir betur af í daglegu lífi, standi sig betur í námi og neyti síður vímuefni. Neysla vímuefna og íþróttir fara ekki saman og hefur skaðleg áhrif á árangur í íþróttum. Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar vill taka mjög skýra afstöðu gegn neyslu allra vímuefna innan íþróttarinnar.

Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar leggur áherslu á virðingu, vináttu og góð samskipti. Það er okkur mikilvægt að iðkendum líði vel og að þeim þyki íþróttaiðkun skemmtileg. Það er jafnframt mikilvægt að þjálfarar séu hvetjandi og að iðkendur veiti hvoru öðru hrós fyrir velgengi. Stefna HFH er því að byggja upp góðan anda innan félagsins, stuðla að vináttu og efla liðsanda iðkenda með félagsstarfi.

Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar miðar að því að styrkja ungmenni ekki aðeins til íþróttastarfs heldur skili þáttaka í íþróttastarfi sterkari einstaklingum með reynslu sem nýtist á fjölbreyttum sviðum í þeirra lífi.

Einelti er ekki liðið í starfi Hnefaleikafélags Hafnarfjarðar og áhersla lögð á að öllum líði vel í starfi sínu innan félagsins. Jafnrétti er félaginu í fyrirrúmi og allir eru velkomnir, óháð aldri, kyni, trú eða þjóðerni.

